Heilsueflandi framahaldsskóli – sent 7. nóvember fyrir hönd heilsueflandi framhaldsskóla.

Verðlaunaleikur Forvarnardagsins – skiladagur 23. nóvember

Á síðu forvarnardagsins stendur:
Góð samskipti og samkennd eru mikilvægir þættir í vellíðan og heilbrigðum samskiptum. Þegar við hlustum hvert á annað, sýnum skilning og virðum ólíkar skoðanir styrkjum við tengsl okkar við aðra og stuðlum að samfélagi þar sem allir fá að vera með og upplifa að þeir skipti máli.

Jákvæð samskipti, samkennd og sterk félagsleg tengsl eru jafnframt mikilvægir verndandi þættir í lífi og starfi. Þessir þættir geta stuðlað að aukinni vellíðan, styrkt félagslega færni og dregið þannig úr líkum á áhættuhegðun.

Með því að leggja áherslu á samtal og samkennd eru ungmenni hvött til að hugsa um hvernig þau geta sjálf haft jákvæð áhrif á sína líðan, líðan annarra og stuðlað að betra samfélagi.

Við hvetjum nemendur til að kynna sér verðlaunaleik Forvarnardagsins þar sem allir framhaldsskólanemendur geta tekið þátt auk nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla.

Nálgast má frekari upplýsingar á vefsíðu Forvarnardagsins.

Sent fyrir hönd heilsueflandi framhaldsskóla.